



3. FUNDUR Á VORÖNN 2021, MIÐVIKUDAGINN 14. APRÍL KL. 11:15

1. Bréf til skólaráðs

A. Umsóknir um leyfi:

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemanda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 97% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

B. Önnur bréf:

Umsókn nemanda um fjárstyrk vegna lokaverkefnis hafnað.

Endurskoðun á reglum um nemendaferðir samþykkt.

2. Félagslíf og fjármál NFFG

Góðgerðarvika áætluð vikuna 19. – 23. apríl þar sem safnað verður til styrktar Bjarkahlíð. Síðan er í framhaldinu útvarpsvika og í vikunni þar á eftir er kosningavika. Kosningar munu verða rafrænar.

3. Önnur mál

Umræða um tíma sem má hafa próf í hverjum stokki. Núverandi fyrirkomulag er þannig að einungis má hafa próf í einum tíma á dag. Það hentar misvel eftir stokkum og getur sett yfirferð á námsefni úr skorðum ef koma frídagar inn á önninni. Þetta verður rætt áfram og ekki líklegt að breytingar verði fyrr en næsta haust í fyrsta lagi.

Verið er að stofna umhverfisnefnd sem mun vinna í samstarfi við stjórn NFFG eins og aðrar nefndir. Ýmsar hugmyndir ræddar í tengslum við bættu flokkun á rusli og umbun fyrir að ná ákveðinni prósentu af flokkuðu rusli.

Fundinn sátu:

Anna Sóley Stefánsdóttir,, fulltrúi NFFG

Auður Sigurðardóttir náms-og starfsráðgjafi

Dagný Hulda Broddadóttir náms-og starfsráðgjafi

Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri

Íris Hvanndal Skaftadóttir fulltrúi kennara

Kristinn Þorsteinsson skólameistari

Kristín Helga Ólafsdóttir áfangastjóri

Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari og fundarritari

Snædís Snæbjörnsdóttir fulltrúi kennara

Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi

Þórgunnur Lára Gunnarsdóttir, fulltrúi nemendafélagsins